



Einföld kaskótrygging dráttarvéla

Skilmáli nr. BK45

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. BK45.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Einföld kaskótrygging dráttarvéla hentar vel fyrir eldri og ódýrari dráttarvélar en er ekki eins viðtæk og hefðbundin kaskótrygging.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið. Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

1. Hvað er tryggt?

- 1.1 Tryggingin gildir fyrir dráttarvél sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 1.2 Tryggingin nær einnig til landbúnaðartækja sem eru fasttengd við hina tryggðu dráttarvél ef bætt er skv. a eða b-lið gr. 4.1.

2. Hverjir eru tryggðir?

- 2.1 Eigandi dráttarvélar og eigandi fasttengds landbúnaðartækis er tryggður.
- 2.2 Tryggingin er ekki til hagsbóta fyrir þá sem eiga fjárhagslega hagsmuni í dráttarvélinni eða landbúnaðartæki sem er fasttengt við hana, t.d. lánastofnanir eða aðra veðhafa¹, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá VÍS, en þó öðlast þeir aldrei meiri rétt gagnvart VÍS en eigandi ökutækis.

3. Hvar gildir tryggingin?

- 3.1 Tryggingin gildir á Íslandi.
- 3.2 Tryggingin gildir ekki við akstur á vegum eða vegarköflum þar sem bannað er að aka ökutækjum samkvæmt fyrirmælum réttra yfirvalda, eða við akstur yfir óbrúaðar ár.

4. Hvað bætir tryggingin?

- 4.1 Tryggingin bætir tjón vegna:
 - a) Veltu eða hrops dráttarvélarinnar.
 - b) Veltu eða hrops landbúnaðartækis sem er fasttengt dráttarvélinni þegar tjón verður.
 - c) Eldsvoða, eldingar eða sprengingar sem stafar af eldsvoða á dráttarvélinni og/eða fasttengdu landbúnaðartæki. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.
 - d) Þjófnaður eða ef tilraun er gerð til þjófnaðar á dráttarvél, ef þjófnaður hefur verið kærður til lögreglu.
 - e) Brots á framrúðu, afturrúðu og hliðarrúðum dráttarvélarinnar, þó ekki við úrtöku og ísetningu. Það telst ekki rúðubrot þótt flísist eða kvarnist úr rúðu eða hún rispast.

5. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 5.1 Tryggingin bætir ekki:
 - a) Skemmdir vegna veltu eða hrops, séu þær afleiðing áreksturs eða áaksturs.
 - b) Skemmdir er stafa af hvers konar náttúruhamförum, sbr. gr. 5.2. Þó bætast skemmdir er verða ef dráttarvélin fýkur út af akbraut og veltur.
 - c) Skemmdir vegna hrops þegar aðeins verður tjón á hjólbarða.

¹ Sbr. ákvæði um meðváttryggingu í 41.-43. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004



- d) Skemmdir af eldsvoða af völdum áreksturs eða áaksturs.
- e) Skemmdir á hreyfli vegna sprenginga í strokkum.
- f) Þjófnað á einstökum hlutum dráttarvélarinnar.
- g) Skemmdir sem verða á dráttarvélinni vegna þátttöku í aksturskeppni eða æfingu fyrir slíka keppni.

5.2 Tryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

6. Varúðarreglur

- 6.1 Ökumaður hinnar tryggðu dráttarvélar skal hafa þau réttindi og kunnáttu sem krafist er til þess að aka henni.
- 6.2 Ökumaður skal ekki vera undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna við notkun dráttarvélarinnar, né annarra örvandi eða deyfandi efna.
- 6.3 Dráttarvélin skal vera læst þegar enginn er í henni og geyma skal lykla á öruggum stað.
- 6.4 Ávallt skal fara eftir fyrirmælum framleiðanda dráttarvélar um losun á farni.
- 6.5 Ekki skal nota dráttarvélin til annars aksturs en þess sem getur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 6.6 Tryggður skal viðhalda dráttarvélinni í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar framleiðanda.
- 6.7 Tryggður skal fara eftir opinberum fyrirmælum um skoðun dráttarvélarinnar og sjá til þess að hún uppfylli kröfur um gerð og búnað á hverjum tíma.
- 6.8 Tryggður skal sjá til þess að öryggisbúnaður dráttarvélarinnar og fasttengds landbúnaðartækis sé ávallt í lagi.

Varúðarreglur eru kröfur sem gerðar eru til tryggðra með það að markmiði að koma í veg fyrir tjón eða draga úr líkum á að tjón verði. Mikilvægt er fyrir tryggða að vita hverjar þær eru.

7. Breytt notkun á ökutæki

- 7.1 Tilkynna ber VÍS tafarlaust ef notkun dráttarvélarinnar breytist frá því sem kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun, þar sem notkun hefur áhrif á verð tryggingarinnar. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið því að ábyrgð VÍS lækki í hlutfalli við verð miðað við breytta notkun.

Dæmi um **breytta notkun** er ef ökutæki er notað í atvinnurekstri, akstursþróttum eða í útleigu.

8. Háttsemi annarra

- 8.1 VÍS er heimilt að bera fyrir sig háttsemi aðila sem með samþykki skráðs eiganda eða umráðamanns er ábyrgur fyrir hinni tryggðu dráttarvél.
Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnanda hins tryggða og stjórnanda hinnar tryggðu dráttarvélar.

9. Endurgreiðsla

- 9.1 Falli trygging úr gildi áður en tryggingartímabili lýkur fær tryggingartaki endurgreiðslu í hlutfalli við þann tíma sem greitt hefur verið fyrir og tryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef tryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að VÍS hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.
- 9.2 VÍS endurgreiðir ekki fyrir tryggingartímabil þótt dráttarvélin hafi ekki verið í notkun og skrásetningarkerki hennar verið í vörslu Samgöngustofu.

10. Ákvörðun bóta

- 10.1 Fjárhæð bóta ræðst af verðmæti dráttarvélarinnar eða fasttengda landbúnaðartækisins sem fellur undir þessa tryggingu. Verðmæti er sú upphæð sem sambærileg dráttarvél eða landbúnaðartæki að tegund, aldri og gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi, miðað við staðgreiðsluviðskipti.
- 10.2 Fjárhæð bóta vegna dráttarvélar getur þó aldrei orðið hærri en sú upphæð sem kemur fram í skírteini og endurnýjunarkvittun, ef hún er tilgreind þar.
- 10.3 Fjárhæð bóta vegna fasttengds landbúnaðartækis getur aldrei orðið hærri en 6 milljónir króna.
- 10.4 VÍS greiðir bætur fyrir altjón ef:
 - a) Dráttarvélin eða fasttengda landbúnaðartækið verður fyrir svo miklum skemmdum að VÍS álitur viðgerð ekki borga sig.
 - b) Dráttarvélinni er stolið og hefur ekki fundist innan fjögurra vikna frá því að VÍS var tilkynnt um atburðinn. Tilkynna ber þjófnaðinn strax til lögregluyfirvalda.
- 10.5 Verði altjón á dráttarvélinni eða fasttengda landbúnaðartækinu ræður VÍS hvort það:
 - a) Greiði verðmæti dráttarvélarinnar eða landbúnaðartækisins gegn afsali.
 - b) Greiði mismun á verðmæti dráttarvélarinnar eða landbúnaðartækisins fyrir og eftir tjón.
 - c) Útvegi aðra dráttarvél eða landbúnaðartæki sömu tegundar sem er sambærilegt að aldri og gerð. Kjósi VÍS að útvega aðra dráttarvél eða landbúnaðartæki hefur það heimild til að gera tilkall til afsals úr hendi tryggingartaka fyrir hinni skemmdu dráttarvél eða landbúnaðartæki.
- 10.6 Bætur fyrir tjón að hluta
 - a) Skemmist dráttarvélin eða fasttengda landbúnaðartækið án þess að



skilyrði gr. 10.4 séu fyrir hendi greiðir VÍS kostnað við að gera við dráttarvélinu eða landbúnaðartækið að svo miklu leyti sem unnt er, þannig að ástand sé svipað og fyrir tjón.

- b) VÍS hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað hjá verkstæði sem VÍS samþykkir eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað.
- c) VÍS bætir ekki lækkun á markaðsverði dráttarvélarinnar eða fasttengds landbúnaðartækis, óbeint tjón, svo sem afnotamissi, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnað vegna sérpantana á varahlutum.

11. Framsal

11.1 Framsal réttinda samkvæmt tryggingarsamningi er háð samþykki VÍS.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.